

**112** nefndum stöðum og greiða fyrir gjald það til hlutadeigandi sýslusjóða, sem ákveðið er í  
18. sept. nefndri lagagrein.

Út af þessu skal yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til póknanlegrar leiðbeiningar, að þar sem hinn núverandi eigandi ofanefndra verzlana er orðinn einkaeigandi þeirra, eptir að ofan-áminnst lög 7. nóvember 1879, öðluðust gildi, þá getur að minni ætlun enginn efi á því leikið, að hann er skyldur til að kaupa borgarbrjef til verzlunar, samkvæmt 2. gr. í optnefndum lögum, á hverjum þeirra þriggja staða, þar sem hann hefur verzlun.

**113** Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um póstávisanir til út-  
18. sept. landa frá Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði. — Á síðasta alþingi var borin upp tillaga til þingsályktunar um, að beina þeirri áskorun að landshöfðingja, að hann gjöri ráðstöfun til, að póstávisanir verði gefnar út af póstafrageiðslumönnum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði með sömu kjörum og hjá póstmeistarana í Reykjavík. Eptir að bent hafði verið á, að það stæði ekki í valdi landshöfðingjans að koma þessari ráðstöfun í kring að svo stöddu, var umgetin tillaga tekin aptur, en jafnframt var því lýst yfir af uppástungumanni, að hann bæri það traust til landsstjórnarinnar, að hún mundi gjöra það sem í hennar valdi stæði, til þess að gjöra mönnum hægra fyrir með að senda peninga frá áðurnefndum póstafrageiðslustöðum til Danmerkur og útlanda.

Eins og yður er kunnugt, herra póstmeistari, verður póstafrageiðslumönnum hjer á landi eptir gildandi samningum við póstumdæmi erlendis og öðrum ákvörðunum, ekki falið á hendur að gefa út póstávisanir til Danmerkur eða útlanda, en hins vegar virðist ekkert geta verið því til fyrirstöðu, að póstafrageiðslumennirnir á áðurnefndum stöðum, hafi til reiðu eyðublöð undir póstávisanir handa þeim, sem senda vilja peninga á þenna hátt til útlanda, og þá jafnframt leiðbeini þeim með, að fylla út í eyðublöð þessi, og að póstafrageiðslumennirnir því næst taki við póstávisunum útfylltum, ásamt peningum þeim, sem þær hljóða um, og sendi hvorttveggja til póststofunnar í Reykjavík, en vitaskuld er það, að þeir sem peningana senda, verða auk hins lögboðna póstávisanagjalds að greiða burðargjald og ábyrgðargjald undir hina sendu peninga, frá hlutadeigandi póstafrageiðslustað til Reykjavíkur. Með þessu fyrirkomulagi má gjöra mönnum mögulegt án nokkurs verulegs aukakostnaðar eða fyrirhafnar, að senda peninga í póstávisun frá optnefndum póstafrageiðslustöðum til Danmerkur og útlanda.

Jeg skal því þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir til, að póstafrageiðslumennirnir á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, hafi næg eyðublöð undir póstávisanir til afnota handa þeim, sem senda vilja peninga í póstávisun til Danmerkur eða útlanda, og jafnframt að segja tjeðum póstafrageiðslumönnum fyrir um það, sem með þarf í áminnstu efni.

**114** Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um niðurlagningu Mosfells-  
21. sept. og Gufuness kirkna og bygging nýrrar kirkju á Lágafelli. -- Eptir að hafa meðtekið póknanleg brjef yðar, háæruverðugi herra, 4. og 14. p. m., og skjöl þau, er þeim fylgdu, vil jeg hjer með samkvæmt tillögu yðar og ályktun hjeradsfundarins í Kjalarnesþingi 10. p. m., fallast á:

1. að lagðar verði niður í Mosfells prestakalli kirkjurnar á Mosfelli og í Gufunesi, þó að óskertum rjetti prestsins til prestsmötu af Gufunesi, og
2. að í þeirra stað verði byggð kirkja á Lágafelli, sem sje hæfilega stór fyrir hinar